



## Bækur í friið

Margrét var í heimsókn hjá ömmu sinni og kom til baka með sex bækur. Meðan Margrét var hjá ömmu sinni keypti hún þrjár bækur í bókabúðinni og fékk eina bók að gjöf. Meðan á heimsókninni stóð gaf hún frænku sinni tvær bækur sem hún hafði lokið við að lesa.

**Hvað tók Margrét margar bækur með sér í friið til ömmu?**



## Hundamaturinn

Þegar Danni hafði gefið Snata, hundinum sínum, að éta á sunnudagskvöldið taldi hann dósirnar af hundamat sem voru eftir.

Hann sagði mömmu sinni að þau yrðu að kaupa fleiri dósir áður en vikan væri á enda en Snati étur eina dós af hundamat á dag,

Á þriðjudeginum fór mamma í búðina og keypti átta dósir af hundamat.


Á föstudagskvöldinu taldi Danni dósirnar aftur eftir að hann hafði gefið Snata að éta og þá voru sex dósir eftir.

**Hvað voru dósirnar margar þegar Danni taldi þær á sunnudagskvöldinu?**




## Kassar með mynstrunum

Benedikt fann kassa sem var búið að fletja út og var mynstur á tveimur hliðum hans.



Þá fann Benedikt fjóra kassa sem búið var að brjóta.



Hann leit á kassana stutta stund og taldi sig sjá að ef útlatti kassinn sem hann hafði fundið væri brotinn saman liti hann út nákvæmlega eins og einn þessara.

**Hvaða kassa átti Benedikt við?**



## Að halda jafnvægi

Einn ferningur vegur jafnt og tveir hringir. Þrír þríhyrningar vega jafnt og tveir ferningar.

**Hvað þarf marga hringi til að vega jafnt og sex þríhyrningar?**